

Nova Klúbburinn birtir uppgjör annars ársfjórðungs 2024



Traustur rekstur í krefjandi umhverfi

Helstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.228 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2024 og standa í stað.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.519 m.kr. og vaxa um 3,6% á milli ára.
- EBITDA nam 961 m.kr. samanborið við 973 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári, EBITDA hlutfallið var 29,8% á fjórðungnum samanborið við 30,3% á fyrra ári.
- Hagnaður annars ársfjórðungs var 108 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 536 m.kr.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 264 m.kr. og lækka um 7,0% frá fyrra ári.
- Eiginfjárlutfall var 40,2% í lok fjórðungsins og eigið fé nam samtals 9.375 m.kr.
- Viðskiptavinum fjölgar á árinu, bæði í Flakk- og Fastneti.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:

„Nú þegar árið er hálfnað er gott að líta yfir stöðuna. Reksturinn er traustur. Heildartekjur eru svipaðar og á síðasta ári, en þegar við kíkjum baksíðs sjáum við að Nova heldur áfram að styrkja sig inn í framtíðina, sem er einmitt það sem við stefnum alltaf að. Vörusalan hefur verið að dragast saman í krefjandi umhverfi, sem hefur þó ekki áhrif á rekstrarhagnað. Þjónustutekjurnar aukast á móti og viðskiptavinunum fjölgar.

Fjárfesting í innviðauppbryggingu er okkur mikilvæg þar sem öflugir innviðir styrkja samkeppnisstöðu okkar. Þannig getum við fjölgæð viðskiptavinum um allt land á sama tíma og viðskiptavinir eru öruggir, ánaegðir og í góðu sambandi. Gott samband er jafnvel enn mikilvægara þar sem fáir eru á ferli. Við höfum haldið áfram uppbryggingu 5G senda um landið bæði til að styrkja núverandi kerfi og bæta við nýjum stöðum til að fækka dauðum blettum í flakkneti. Alls höfum við fjárfest fyrir rúmlega 800 milljónir í innviðauppbryggingu á þessu ári. Við hjá Nova höfum líka fagnað og tekið þátt í samstarfi um uppbryggingu í flakknitinu, en þar eru mikil tækifaeri til hagræðingar með því að samnýta innviði.


Við sjáum einnig tækifaeri í betri nýtingu á opinberum fjármunum m.a í frekari uppbryggingu flakknets á strjálbýlustu stöðum landsins. Flakknnet getur verið alveg sambærilegt við ljósleiðaratengingar og í raun er skynsamlegra að leggiast í þá uppbryggingu, sem er hagkvæmari, gengur mun hraðar fyrir sig og tryggir um leið flakknetsamband á viðkomandi svæðum.

Tæknin er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að einfalda og njóta lífsins, við höldum því áfram að leggja áherslu á geðræktina og fríðindaklúbbinn Fyrirþig. Við hvöttum m.a. til símalausrar samverustunda með Buslónleikum og fríum sundferðum í allt sumar. Viðskiptavinir sem njóta lífsins í góðu sambandi eru ánaegðir viðskiptavinir og það er það mikilvægasta sem við í Nova eigum. Við horfum með mikilli eftirvæntingu til síðari hluta ársins.“

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrri helming ársins:

Tekjustofnar


	6M 2024	6M 2023	Breyting	%
FlakkNet	3.127	3.050	77	2,5%
FastNet	1.877	1.760	116	6,6%
Vörusala	855	941	-86	-9,2%
Aðrar tekjur	567	660	-93	-14,0%
Heildar rekstrartekjur	6.426	6.411	14	0,2%




Heildartekjur á fyrstu sex mánuðum ársins standa í stað og námu samtals 6.426 m.kr.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 5.003 m.kr. og vaxa um samtals 193 m.kr., sem er 4,0% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist m.a. af góðri fjölgun viðskiptavina á FastNetinu í framhaldi af staðkun þjónustusvæðis í upphafi árs. En einnig er aukning í reikitekjum af ferðamönnum og tekjur af sérlausnum á fyrirtækjamarkaði eru að aukast, þar sem innviðauppbygging Nova er að styðja vel við stórnottendur í gagnaflutningum.

FastNet




FlakkNet



Vörusölutekjur námu samtals 855 m.kr. og dragast saman um 86 m.kr. sem er 9,2% lækkun á milli ára. Skýrist sú lækkun sem fyrr einna helst af minni sölu símtækja þar sem líftími þeirra er að jafnaði lengri en áður. Gera má ráð fyrir sambærilegum samdrætti í vörusölu út þetta ár. Útfösun á 2G/3G fjarsskiptataekni kallar þó á endurnýjun eldri tækja, sem ekki styðja 4G, á seinni hluta árs þar sem áfram er áætlað að slökkt verði á 2G tækni um næstu áramót.

Aðrar tekjur nema samtals 567 m.kr. og dragast saman um 93 m.kr., eða um 14,0% á milli ára. Á fyrsta ársfjórðungi samanburðarárs voru færðar einskiptistekjur vegna eignasölu upp á 37 m.kr. undir aðrar tekjur, leiðrétt fyrir þeim lið eru aðrar tekjur að dragast saman um 8,9%, sem skýrist helst af lækkun á öðrum sölutekjum svo sem fastlinutekjum og tekjum vegna samrekstrar.

Vörusala





Aðrar tekjur



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali

Rekstrarreikningur

	6M 2024	6M 2023	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	6.426	6.411	14	0,2%
Kostnaðarverð seldra vara	2.999	3.067	-68	-2,2%
Laun og launatengd gjöld	1.034	928	106	11,4%
Annar rekstrarkostnaður	528	494	34	6,9%
Heildar rekstrargjöld	4.560	4.489	72	1,6%
EBITDA	1.865	1.923	-57	-3,0%
EBITDA%	29,0%	30,0%	-1,0%	-3,2%
Afskriftir	(-1.101)	(-1.051)	(-50)	4,8%
Rekstrarhagnaður	764	872	(-108)	-12,4%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-460)	(-523)	62	-12,0%
Tekjuskattur	(-63)	(-69)	6	-8,7%
Hagnaður tímabilsins	241	280	(-39)	-14,0%
<i>Hagnaður á hlut</i>	<i>0,07</i>	<i>0,07</i>	<i>(-0,008)</i>	<i>-10,8%</i>



Heildar rekstrargjöld nema samtals 4.560m.kr. og hækka um 1,6% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 2.999 m.kr. og lækkar um 68 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður vegna fjölgunar viðskiptavina. Framlegðarhlutfall í vörusölu er almennt lágt ef miðað er við þjónustutekjur, en jákvætt er að horfa á að nettó framlegð stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, sem vegur upp á móti lækkun tekna og hefur því lítl áhrif á rekstrarhagnað. Þann 1. mars uppfærði félagið fjárhagskerfi sitt í skýjalausn og hafa þá bæði fjárhags- og reikningagerðarkerfi verið uppfærð í skýjalausnir sem birtist nú í hærrí rekstrargjöldum en mun á móti hafa áhrif til lækkunar í afskriftum fram veginn.


Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.034 m.kr. og hækka um 106 m.kr. sem nemur 11,4% hækjun. Sú lækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum, en stöðugildum fjölgar einnig lítillega milli ára. Orlofsskuldbinding á tímabilinu er einnig verulega hærri á milli ára en gert ráð fyrir að hún lækki út árið og jafnist við fyrra ár. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 528 m.kr. og hækkar um 34 m.kr. sem nemur 6,9% hækjun á milli ára, sú lækkun skýrist helst af almennum verðlagshækkunum.

EBITDA nemur samtals 1.865 m.kr. EBITDA hlutfall tímabilsins er 29,0% samanborið við 30,0% á sama tímabili á fyrra ári. Hluti þeirrar lækkunar skýrist vegna áðurnefndra breytinga á rekstrarkerfum sem nú eru rekin í skýjalausnum.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 460 m.kr. og hækkar um 12,0% á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri verðbólgu sem og lægri stöðu vaxtaberandi lána, í kjölfar samningsbundinna greiðslna sem og viðbótargreiðslu inn á höfuðstól vaxtaberandi lána á seinni hluta síðasta árs.

Hagnaður tímabilsins var 241 m.kr. og hækkar um 39 m.kr. frá fyrra ári. Á samanburðarári tekjufærði félagið einskiptislið að fjárhæð 37 m.kr. vegna sólu eigna, leiðrétt fyrir því er um 2 m.kr. lækkun á hagnaði á milli ára.

Hagnaður tímabilsins





Efnahagur

	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	%
Viðskiptavíld	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.505	1.639	-134	-8,2%
Rekstrarfjármunir	4.114	4.030	84	2,1%
Leigueignir	4.419	4.292	128	3,0%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	510	476	34	7,1%
Fastafjármunir samtals	20.688	20.488	199	1,0%
 Birgðir	491	405	85	21,0%
Viðskiptakröfur	1.245	1.125	121	10,7%
Aðrar skammtímkröfur	634	655	-20	-3,1%
Handbaert fé	273	497	-224	-45,1%
Veltufjármunir samtals	2.643	2.681	(-39)	-1,4%
 Eignir samtals.....	23.330	23.170	161	0,7%
Eigið fé.....	9.375	9.277	98	1,1%
Vaxtaberandi langtímask.	1.943	1.995	-52	-2,6%
Leiguskuldbindingar	6.456	6.329	128	2,0%
Aðrar skuldir	3.033	2.964	70	2,3%
Langtímaskuldir samtals	11.432	11.287	145	1,3%
 Næsta árs afb. langtímask.	102	100	3	2,5%
Viðskiptaskuldir	942	813	129	15,9%
Ógreiddir skattar	99	275	-176	-63,9%
Næsta árs afb. leiguskuldb.	275	244	32	12,9%
Aðrar skammtímaskuldir	1.104	1.174	-70	-6,0%
Skammtímaskuldir samtals	2.523	2.606	-82	-3,2%
 Skuldir samtals.....	13.956	13.893	63	0,5%

Fastafjármunir félagsins námu 20.688m.kr. í lok tímabilsins en voru 20.488m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lítillega vegna nýrra sendastaða umfram afskriftir. Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.643m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.681 m.kr. um áramót, birgðir hækka vegna árstíðarbundinna sveiflina en gert ráð fyrir þær lækki aftur seinni hluta árs.

Eigið fé félagsins nam 9.375 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.277 m.kr. um áramót. Eiginfjárhlfutfall félagsins var 40,2% í lok tímabilsins samanborið við 40,0% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.432 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.287 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lítillega vegna nýrra sendastaða. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.523 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.606 m.kr. um áramót, sú lækkun skyrist helst af lægri stöðu ógreiddra skatta og annara skammtímaskulda sem var tilfallandi há um áramót.



Sjóðstreymi


	6M 2024	6M 2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	1.865	1.923	-57
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-301)	(-178)	(-123)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-347)	(-362)	15
Greiddir skattar	(-98)	(-254)	156
Handbært fé frá rekstri	1.118	1.128	(-10)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-803)	(-944)	142
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-109)	(-150)	41
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	(-88)	0	(-88)
Fjárfestingahreyfingar	(-999)	(-1.094)	96
Keypt eigin bréf	(-143)	(-86)	(-57)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-112)	(-95)	(-17)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-27)	(-23)	(-4)
Afborganir langtímalána	(-53)	(-66)	13
Fjármögnumnarhreyfingar	(-334)	(-270)	(-65)
Hækkuun ((ækkun) á handbæru fé	(-215)	(-236)	21
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-9)	2	(-11)
Handbært fé í upphafi tímab.	497	665	(-168)
Handbært fé í lok tímabilsins	273	431	(-158)

Handbært fé frá rekstri er 1.118 m.kr. og lækkar um 10 m.kr. frá fyrra ári. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru neikvæðari samanborið við fyrra ár sem skýrist helst vegna lækkunar viðskiptaskulda sem hækkuðu á sama tímabili á fyrra ári. Greiddir skattar eru lægri, sökum ofgreiðslu skatta í upphafi samanburðarárs, en einnig eru greidd vaxtagjöld lægri sökum lægri stöðu vaxtaberandi lána.

Fjárfestingahreyfingar námu 999 m.kr. samanborið við 1.094 m.kr. á fyrra ári og lækka um 96 m.kr. Lækkunin skýrist af minni fjárfestingum miðað við fyrra ár bæði í rekstrarfjármunum sem og óefnislegum eignum, en á móti kemur uppgjörsgreiðsla í mars tengd kaupum á félagi á árinu 2017.

Fjármögnumnarhreyfingar eru 334 m.kr. á tímabilinu samanborið við 270 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Í byrjun janúar lauk félagið endurkaupum hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars 2023, með kaupum á 10.810 þúsund eigin hluta fyrir heildarupphæð 44,8 m.kr. Í apríl hóf félagið svo framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar og keypti 25.388 þúsund eigin hluta fyrir samtals 98,3 m.kr. á tímabilinu til loka júní.

Handbært fé frá rekstri



Fjárfestingar

Fjárfestingar á tímabilinu eru í samræmi við heildaráætlunar ársins sem lækka frá fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum nema samtals 803 m.kr., en þar er um að ræða uppbyggingu fjarskiptakerfisins, bæði kjarna og dreifikerfi, þar sem m.a. er unnið að því að innleiða svokallaða 5G standalone tækni.

Fjárfestingar í óefnislegum eignum nema samtals 109 m.kr. og innihalda m.a. þróun og viðbætur á þjónustukerfum, vef og appi sem og fyrmefnda uppfærslu á fjárhagskerfi sem nú er rekið í skýjalausn.

Horfur fyrir árið 2024

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.800 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði um það bil 12%-14% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbinsins <https://www.nova.is/fiarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um bisnessinn hjá Nova Klúbbnum í sögulegu samhengi. Námskeið á vegum Akademías í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef Nova.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Fjárhagsdagatal 2024

Uppgjör 3F 2024	31. október 2024
Ársuppgjör 2024	27. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	27. mars 2025

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet
Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet
Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala
Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur
Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda ftokka, svo sem fastlinupþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarar rekstrarteckna.